

ÓÚTGEFIN FYRIRFRAMÚTGÁFA

Dreifing:
Almenn, 9.
júní 2022

Frummál: Enska

Nefnd um réttindi barnsins

Lokaathugasemdir við sameinaðar 5. og 6. reglubundnu skýrslur Íslands*

I. Inngangur

1. Nefndin fjallaði um sameinaðar 5. og 6. reglubundnu skýrslur Íslands¹ á 2586. og 2587. fundi nefndarinnar,² sem haldnir voru 4. og 5. maí 2022, og samþykkti meðangreindar lokaathugasemdir sínar á 2630. fundi sínum, sem haldinn var 3. júní 2022.
2. Nefndin fagnar því að lögð hefur verið fram sameinuð 5. og 6. reglubundin skýrsla aðildarríkisins, sem og skrifleg svör við lista af ábendingum, sem leiddu til betri skilnings á réttindum barna í aðildarríkinu. Nefndin lætur í ljós ánægju með uppbyggileg skoðanaskipti við sendinefnd aðildarríkisins sem skipuð var háttsettum fulltrúum þvert á málefnasvið.

II. Eftirfylgniráðstafanir sem gerðar voru og árangur aðildarríkisins

3. Nefndin fagnar lagalegum og stofnanalegum ráðstöfunum og stefnu sem aðildarríkið hefur markað til framkvæmdar á samningnum, m.a. með ákvörðun um lögfestingu samningsins og bókana við hann árið 2013, afturköllun á fyrirvara sínum við 37. gr. samningsins árið 2015, samþykkt þingsályktunar um barnvænt Ísland árið 2021 og breytingum á barnalögum og barnaverndarlögum árið 2021 og 2022, í þeirri röð. Nefndin lýsir ánægju með fullgildingu samnings um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og aðild að samningi um stöðu ríkisfangslausra og samningi um að draga úr ríkisfangsleysi árið 2021.

III. Helstu áhyggjuefni og tilmæli

4. Nefndin minnir aðildarríkið á að öll réttindin sem sáttmálinn felur í sér eru óaðskiljanleg og tengd innbyrðis og leggur áherslu á mikilvægi allra tilmæla sem er að finna í eftirfarandi lokaathugasemdum. Nefndin vill vekja athygli aðildarríkisins á tilmælum sem varða eftirfarandi svið og kalla á brýnar ráðstafanir: sjálfstætt eftirlit (12. mgr.), ofbeldi gegn börnum (25. mgr.), fötluð börn (30. mgr.), geðheilbrigði (mgr).

* Samþykkt á 90. fundi nefndarinnar (3. maí – 3. júní 2022).

¹ CRC/C/ISL/5-6.

² Sjá CRC/C/SR.2586 og CRC/C/SR.2587.

³ CRC/C/ISL/RQ/5-6.

32), menntun, þ.m.t. starfsmenntun og þjálfun (38. mgr.) og börn í leit að alþjóðlegri vernd, börn með alþjóðlega vernd og börn farandfólks (42. mgr.).

5. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið tryggi framkvæmd réttinda barna í samræmi við samninginn, valfrjálsa bókun um þátttöku barna í vopnuðum átökum og valfrjálsa bókun um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám við framkvæmd áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030. Hún hvetur aðildarríkið til að tryggja virka aðkomu barna við gerð og framkvæmd stefnu og áætlana sem hafa að markmiði að gera öll 17 heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun að veruleika að því er börn varðar.

A. Almennar ráðstafanir við innleiðingu (4., 42. gr. og 6. mgr. 44. gr.)

Löggjöf

6. Nefndin mælist til að aðildarríkið geri úttekt á allri löggjöf sinni í því skyni að færa hana til samræmis við samninginn, í samræmi við stefnu og aðgerðaáætlun um barnvænt Ísland, og taki upp verklag fyrir mat á áhrifum löggjafar á réttindi barna og stefnumið sem varða börn.

Alhliða stefna og áætlun

7. Nefndin fagnar samþykkt stefnu og aðgerðaáætlunar 2021-2024 varðandi réttindi barna og mælist til að aðildarríkið:

(a) Tryggi framkvæmd stefnunnar og aðgerðaáætlunarinnar með því að leggja til mannauð, tæknileg úrræði og fjármagn í nægum mæli í samræmi við tiltekin tímabundin og mælanleg markmið,

(b) hafi skilvirkt eftirlit með og meti árangur af framkvæmd réttinda barna í samræmi við stefnuna og aðgerðaáætlunina með viðhlítandi aðkomu barna og borgaralegs samfélags.

Samræming

8. Nefndin fagnar ráðstöfunum sem hafa verið gerðar til þess að styrkja samvinnu viðkomandi ráðuneyta, m.a. með viljayfirlýsingum og formlegum vinnuhópum um tiltekin mál sem varða börn og stofnun nýs mennta- og barnamálaráðuneytis. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Tryggi að sérstakur stýrihópur í málefnum barna starfi sem skyldi og samhæfi alla starfsemi sem tengist framkvæmd samningsins á landsvísi og vettvangi sveitarfélaga, sem og þvert á geira, og framkvæmd ýmissa aðgerðaáætlana á sviði réttinda barna,

(b) tryggi að stýrihópurinn búi yfir nægum mannauði, tæknilegum úrræðum og fjármagni sem nauðsynlegt er til að styðja skilvirka framkvæmd samningsins í aðildarríkinu, ásamt þátttöku barna og borgaralegs samfélags,

(c) taki á misræmi milli sveitarfélaga hvað varðar aðgengi barna að þjónustu og tryggi að börn í öllum sveitarfélögum hafi aðgang að hágæða þjónustu fyrir börn.

Ráðstöfun fjármuna

9. Með vísan til almennra athugasemda nr. 19 (2016) um opinbert fjármagn til framkvæmdar á réttindum barna mælist nefndin til að aðildarríkið taki upp aðferðir sem miðast við réttindi barna við gerð fjárlaga í því skyni að:

(a) Útlista og innleiða verklag hvað varðar úthlutun, nýtingu og eftirlit með fjármunum til barna í aðildarríkinu og meta hvernig fjárfesting í öllum geirum sé best til þess fallin að þjóna hagsmunum barnsins,

(b) tryggja gagnsæi og þátttökumiðað ferli við fjárlagagerð hjá ríki og sveitarfélögum þar sem borgaralegt samfélag og börn geta tekið virkan þátt.

Gagnasöfnun

10. Nefndin lýsir ánægju sinni með stofnun stýrihóps um mælaborð um farsæld barna árið 2020 og að mælaborð á landsvísu um velferð, heilsu og réttindi barna verði komið upp árið 2022. Með vísan til fyrri tilmæla sinna⁴ mælist nefndin til að aðildarríkið:

(a) Sjái til þess að mælaborðið safni bæði eigindlegum og meginlegum vísam sem taki til allra sviða samningsins og að gögn séu sundurliðuð eftir aldri, kyni, fötlun, landfræðilegri staðsetningu, kynþætti, þjóðerni og félagslegum og hagrænum bakgrunni,

(b) efli söfnun og greiningu gagna um mismunun gegn börnum, fötluð börn, geðheilbrigði og ofbeldi gegn börnum, þ.m.t. heimilisofbeldi og kynferðislega notkun og misnotkun í kynferðislegum tilgangi,

(c) tryggi skilvirka samhæfingu og deilingu gagna með viðeigandi ráðuneytum og aðilum, m.a. Hagstofu Íslands, embætti umboðsmanns barna, Embætti landlæknis og viðeigandi menntastofnunum, auk fagstétta og borgaralegs samfélags, og að þau séu nýtt við mat á stefnu og verkefnum sem varða réttindi barna.

Sjálfstætt eftirlit

11. Nefndin veitir því athygli að börn geta leitað til umboðsmanns barna með erindi sem varða ákvarðanir, málsmeðferð eða háttsemi opinberra starfsmanna og þegið viðeigandi ráðgjöf frá umboðsmanni barna, en lýsir djúpstæðum áhyggjum af skorti á barnvænum kvörtunarúrræðum fyrir börn á öllum sviðum sem samningurinn tekur til, þ.m.t. þegar um er að ræða einkaaðila.

12. Nefndin ítrekar fyrri tilmæli sín⁵ og mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Taki upp sjálfstætt úrræði til þess að taka á móti, rannsaka og taka með skilvirkum hætti á kvörtunum frá börnum á barnvænan hátt, m.a. gegn einstaklingum, sem falli undir eða sé í tengslum við umboðsmann barna, og tryggi að málsmeðferð umboðsmanns Alþingis sé barnvæn,

(b) tryggi að öll börn séu meðvituð um rétt sem þau hafa til að bera upp kvartanir samkvæmt öllum nógildandi úrræðum og raunhæfa möguleika til þess að nýta þann rétt,

(c) flýti stofnun sjálfstæðrar stofnunar sem hefur eftirlit með og stuðlar að kynningu mannréttinda, m.a. réttinda barna, og tryggi að hún sé í fullu samræmi við Parísarviðmiðin.

Dreifing, vitundarvakning og fræðsla

13. Nefndin lýsir ánægju sinni með ýmsar áætlanir sem miða að vitundarvakningu um réttindi barna og mælist til að aðildarríkið:

(a) Haldi áfram vitundarvakningu meðal almennings að því er varðar réttindi barna, m.a. með dreifingu á barnvænu kennsluefni á íslensku og með því að stuðla að virkri þátttöku barna í opinberum aðgerðum sem ætlað er að vekja áhuga,

(b) tryggi kerfisbundna fræðslu um réttindi barna, samninginn og valfrjálsar bókanir við hann fyrir allt fagfólk sem vinnur með börnum.

4 CRC/C/ISL/CO/3-4, 21. mgr.

5 CRC/C/ISL/CO/3-4, 17. mgr.

B. Skilgreining á hugtakinu barn

14. Nefndin veitir því athygli að mjög fáar undantekningar hafa verið veittar frá 2009 sem heimila hjúskap 18 ára og yngri, en hvetur aðildarríkið til þess að breyta hjúskaparlögum og afnema allar undanþágur sem heimila einstaklingum yngri en 18 ára að ganga í hjúskap.

C. Almennar grundvallarreglur (2.–3. gr., 6. og 12. gr.)

Bann við mismunun

15. Nefndin fagnar samþykkt laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna frá 2018 og einnig framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda árið 2016, en lýsir áhyggjum af skorti á upplýsingum um birtingarmyndir mismununar gegn börnum í aðildarríkinu. Með hliðsjón af markmiði 10.3 í heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

(a) Útrými misræmi milli sveitarfélaga hvað varðar aðgengi barna að þjónustu, m.a. með því að tryggja að markmið Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga séu í samræmi við landsbundna stefnu og aðgerðaáætlun um réttindi barna,

(b) tryggi að lagarammi gegn mismunun, m.a. lög um jafna meðferð, verndi börn gegn mismunun, að börn viti hvernig þau geti tilkynnt tilvik um mismunun og að lögbært stjórnvald rannsaki mál sem varða mismunun gegn börnum,

(c) geri rannsókn á því að hvaða marki og með hvaða hætti mismunun gegn börnum eigi sér stað, m.a. mismunun vegna búsetu og gegn börnum farandfólks, börnum sem tilheyra minnihlutahópum, börnum foreldra sem dvelja hér án dvalarleyfis, börnum sem búa við fátækt, hinsegin börnum, transbörnum og börnum með ódæmigerð kyneinkenni (intersex) og fötluðum börnum.

Það sem barni er fyrir bestu

16. Nefndin lýsir ánægju sinni með að meginreglan um það sem barni er fyrir bestu sé til staðar í barnalögum og öðrum lögum, en lýsir áhyggjum af því að reglunni sé ekki beitt í nægilegum mæli við stjórnsýslumeðferð og meðferð fyrir dómstólum og ónógri þekkingu á reglunni meðal fagfólks sem vinnur með börnum. Með vísan til almennra athugasemda nr. 14 (2013) um rétt barns til þess að það sem er því fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

(a) Tryggi að meginreglunni um það sem barninu er fyrir bestu sé beitt af samkvæmni í áætlunum og í lagalegri og stjórnsýslulegri meðferð og fyrir dómstólum, m.a. í tengslum við forsjá og ákvarðanir sem varða hæli, alþjóðlega vernd og dvalarleyfi,

(b) leiðbeini öllum viðkomandi valdhöfum við ákvarðanatöku svo það sem barni er fyrir bestu hafi forgang á öllum sviðum og að hagsmunir barns séu hafðir í forgrunni.

Virðing fyrir skoðunum barnsins

17. Nefndin fagnar viðleitni til þess að efla þátttöku barna í ákvarðanatöku, m.a. við undirbúning skýrslu aðildarríkisins og í gegnum barnaþing, æskulýðsráð og sérstök ungmennaráð, ráðgjafarhóp umboðsmanns barna og með aðgerðaáætlunum um þátttöku barna, en lýsir áhyggjum af því að yngri börnum sé ekki alltaf gefinn kostur á því að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem þau varða.

Með vísan til fyrri tilmæla sinna mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

(a) Breyti æskulýðslögum til að tryggja að öll sveitarfélög stofni ungmennaráð og skýri hlutverk þeirra, ábyrgð og umboð, í samræmi við þingsályktun um barnvænt Ísland,

(b) tryggi að öll börn geti tjáð skoðanir sínar og komið þeim á framfæri við töku allra ákvarðana sem hafa áhrif á þau, m.a. fyrir dómstólum og í einkamálum og um ákvarðanir sem varða forsjá, umgengni og alþjóðlega vernd, og samþykki viðeigandi lagabreytingar til að tryggja að þau geti tjáð skoðanir sínar og að tekið sé mið af þeim þegar slíkar ákvarðanir eru teknar,

(c) haldi áfram að styrkja ráðstafanir til að stuðla að því að þátttaka allra barna hafi vægi og sé valdeflandi, m.a. barna í viðkvæmri stöðu, innan fjölskyldna, í samfélaginu, skólum og við stefnumörkun á vettvangi sveitarfélaga og á landsvísi, t.d. með því að tryggja að niðurstöðum ungmennaráða sé miðlað kerfisbundið við töku opinberra ákvarðana,

(d) tryggi að allt fagfólk sem vinnur með börnum og fyrir börn, m.a. kennarar og fagfólk sem annast börn, fái kerfisbundið viðeigandi fræðslu um rétt barna til tjá skoðanir sínar og að skoðanir þeirra séu teknar til greina.

D. Borgaraleg réttindi og frelsi (7.-8. gr. og 13.–17. gr.)

Skráning fæðinga og þjóðernis

18. Nefndin fagnar breytingum sem gerðar voru á lögum um íslenskan ríkisborgararétt 2018 en lýsir áhyggjum af því að börn fædd í aðildarríkinu sem eiga foreldra sem dvelja hér án dvalarleyfis séu skráð með búsetu erlendis sem hefur neikvæð áhrif á aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu og annarri þjónustu. Hún mælist til þess að aðildarríkið tryggi að börn foreldra sem dvelja hér án dvalarleyfis hafi aðgang að heilbrigðisþjónustu og annarri þjónustu og njóti verndar gegn brottvísun skv. 102. gr. laga um útlendinga og styrki úrræði að lögum svo að þau börn geti öðlast ríkisborgararétt.

Réttur til auðkennis

19. Nefndin fagnar setningu laga um kynrænt sjálfræði árið 2019 og mælist til þess að aðildarríkið veiti nægilegt fjármagn til þess að koma þeim til framkvæmda, einkum að því er varðar veitingu tengdrar þjónustu og stuðning fyrir börn og foreldra þeirra, og standi fyrir því að fagfólk sem vinnur með börnum fái fræðslu um kynhlutlausu skráningu.

20. Nefndin lýsir áhyggjum af því að 4. gr. laga um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna heimili nafnleynd gjafa og mælist til þess að aðildarríkið tryggi rétt barna sem getin eru með tæknifrjóvgun til upplýsinga um líffræðilegan uppruna sinn.

Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

21. Nefndin lýsir áhyggjum af því að foreldrar taki ákvörðun um skráningu í trúfélag samkvæmt lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög ásamt breytingum árið 2013 og mælist til þess að aðild að trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi sé óskráð þar til börn geta sjálf tekið ákvörðun þar að lútandi.

Félagafrelsi og frelsi til að koma saman með friðsömum hætti

22. Nefndin lýsir áhyggjum af því að börn yngri en 18 ára geti ekki skráð eigin félög og mælist til þess að aðildarríkið tryggi að börn

⁶ CRC/C/ISL/CO/3-4, 29. mgr.

fái stuðning og hvatningu til þess að stofna, skrá löglega og taka þátt í eigin félögum og framtaksværfnum.

Réttur til friðhelgi einkalífs og aðgangur að viðeigandi upplýsingum

23. Nefndin fagnar ýmsum ráðstöfunum sem aðildarríkið hefur gert til að ýta undir stafrænt læsi barna, vernda rétt barna til friðhelgi einkalífs og til að tryggja öryggi þeirra í stafrænu umhverfi, m.a. með samþykkt persónuverndarlaga árið 2018. Með vísan til almennra athugasemda sinna nr. 25 (2021) um réttindi barna í tengslum við stafrænt umhverfi, mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

(a) Þrói enn frekar reglur og verndarráðstafanir til þess að vernda réttindi og öryggi barna í stafrænu umhverfi, m.a. með skilvirkri reglubindingu gagnvart netþjónustuveitendum og tryggi að fjölmiðlar og aðrir viðkomandi fagaðilar fái viðhlítandi fræðslu hvað varðar slíkar reglur og stefnumál,

(b) tryggi að lög um aðgang að upplýsingum og stafrænt umhverfi verndi börn gegn skaðlegu innihaldi og efni og hættu á netinu og kveði á um leiðir til saksóknar fyrir brot,

(c) haldi áfram viðleitni til þess að auka stafrænt læsi og færni barna, kennara og fjölskyldna.

E. Ofbeldi gegn börnum (19. gr., 3. mgr. 24. gr., 2. mgr. 28. gr., 34. gr., a-liður 37. gr. og 39. gr.)

Ofbeldi gegn börnum, þ.m.t. vanræksla og kynferðisleg notkun og misnotkun í kynferðislegum tilgangi

24. Nefndin fagnar þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar til þess að berjast gegn ofbeldi gegn börnum, m.a. með endurskoðun á almennum hegningarlögum og barnalögum, afnámi kröfunnar um refsinámi brots í tveimur löndum að því er varðar kynferðisbrot gegn börnum, samþykkt landsbundinna aðgerðaáætlana gegn ofbeldi 2019–2022 og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni 2021–2025, í þeirri röð, og fullgildingu Lanzarote-samningsins og Ístanbúl-samningsins. Hins vegar lýsir nefndin áhyggjum af eftirfarandi:

(a) Skorti á áreiðanlegum tölfraðilegum upplýsingum um ofbeldi gegn börnum, þó að rannsóknir bendi til þess að ofbeldi gegn börnum sé algengt, þ.m.t. kynferðisleg notkun og ofbeldi á netinu,

(b) skorti á upplýsingum um rannsóknir og saksókn í málum sem varða kynferðislega notkun barna og misnotkun í kynferðislegum tilgangi,

(c) ófullnægjandi fjármögnun til framkvæmdar á landsbundnu aðgerðaáætluninni gegn ofbeldi,

(d) hversu berskjölduð fötluð börn, börn í leit að alþjóðlegri vernd, börn farandfólks og börn sem tilheyra minnihlutahópum eru gegn ofbeldi,

(e) að langir biðlistar séu eftir ýmissi þjónustu, m.a. Barnahúss, sem tefji aðgang að viðhlítandi stuðningi.

25. Með vísan til almennra athugasemda nr. 13 (2011) um rétt barns til verndar gegn hvers konar ofbeldi og markmiða 5.2, 16.1 og 16.2 í heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

(a) Tryggi skilvirkni rannsókna á og íhlutun í hvers kyns ofbeldi gegn börnum, þ.m.t. vanrækslu og misnotkun í kynferðislegum tilgangi innan og utan heimilis og í stafrænu umhverfi og að gerendur svari til saka,

(b) styrki ráðstafanir til að tryggja að börn sem eru þolendur eða vitni að ofbeldi, þ.m.t. fötluð börn og börn í leit að alþjóðlegri vernd, fái skjótan aðgang að barnvænum úrræðum og úrræðum þvert á geira og alhliða stuðning, m.a. í Barnahúsi, með það að markmiði að koma í veg fyrir að þessi börn verði fyrir afleiddu ofbeldi,

(c) tryggi að úrræði til stuðnings við börn sem eru þolendur ofbeldis, þ.m.t. barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar sem munu koma í stað barnaverndarnefnda árið 2023, hafi næg fjárráð,

(d) styrki ráðstafanir sem miða að því að fyrirbyggja ofbeldi gegn börnum, með áherslu á börn í sérlega viðkvæmum aðstæðum, þ.m.t. fötluð börn, börn sem búa við fátækt, börn í leit að alþjóðlegri vernd og börn sem tilheyra minnihlutahópum,

(e) efli frekar áætlanir um vitundarvakningu og fræðsluáætlanir, m.a. herferðir, með aðkomu barna, til þess að auka vitund um kynferðislega notkun á börnum og misnotkun í kynferðislegum tilgangi, þ.m.t. öryggi á netinu, bæði meðal almennings og fagfólks sem vinnur með og fyrir börn og til að bera kennsl á og bregðast með fullnægjandi hætti við öllum tilvikum ofbeldis gegn börnum, m.a. vanrækslu og misnotkun í kynferðislegum tilgangi,

(f) geri könnun á landsvísu á ofbeldi gegn börnum og tryggi gagnasöfnun um kynferðislega notkun á börnum og misnotkun í kynferðislegum tilgangi, m.a. tilvik sem hafa verið tilkynnt til yfirvalda, rannsókuð og leitt til saksóknar og refsingar sem gerendur hafa sætt, og dragi ályktanir að því er varðar stefnumið og framkvæmd, sem eru í samræmi við réttindi barnsins.

Skaðleg háttsemi

26. Nefndin lýsir áhyggjum af því að lög um ófrjósemisaðgerðir frá 2018 heimili ófrjósemisaðgerðir á börnum ef talið er að áframhaldandi frjósemi hafi neikvæð áhrif á líf þeirra og heilsu og mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Banni ófrjósemisaðgerðir á börnum, einkum fötluðum stúlkum, án upplýsts samþykkis þeirra,

(b) tryggi að ónauðsynlegum læknismeðferðum eða skurðaðgerðum á börnum með ódæmigerð kyneinkenni (intersex) sé frestað án þess að þeim sé hætta búin þar til börn eru fær um að veita upplýst samþykki, í samræmi við bann við slíkum aðgerðum í lögum um kynrænt sjálfræði, og bæti börnum sem hlotið hafa ónauðsynlega meðferð allan skaða,

(c) veiti nægilega félagslega, læknisfræðilega og sálfræðilega þjónustu, ráðgjöf og stuðning við börn með ódæmigerð kyneinkenni og fjölskyldur þeirra.

F. Fjölskylduumhverfi og önnur umönnun (5. gr., 9.–11. gr., 1. til 2. mgr. 18. gr., 20.–21. gr., 25. gr. og 4. mgr. 27. gr.)

Fjölskylduumhverfi

27. Nefndin fagnar lengingu fæðingarorlofs upp í 12 mánuði og sveigjanleikanum við nýtingu foreldra á því innbyrðis, en lýsir áhyggjum af 6 mánaða tímabili frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskóli hefst í sumum sveitarfélögum. Nefndin lýsir einnig áhyggjum af löngum biðtíma að því er varðar meðferð skilnaðar- og forsjármála. Hún mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Tryggi að forsjármál og önnur fjölskyldumál fái skjóta meðferð, m.a. með því að auka fjölda starfsmanna sem hafa fengið faglega starfsþjálfun og tryggi að bæði foreldrar og börn fái nægilega ráðgjöf og annan stuðning,

(b) tryggi að foreldrar á vinnumarkaði hafi aðgang að nægum barnagæsluúrræðum eftir að fæðingarorlofi lýkur og áður en leikskóli hefst og taki til athugunar að gerð verði rannsókn í samvinnu við sveitarfélög til þess að meta áhrif sex mánaða tímabilsins frá lokum fæðingarorlofs og þar til leikskóli hefst, með það fyrir augum að leggja til umbætur á landsvísu.

Börn án fjölskylduumhverfis

28. Nefndin lýsir ánægju sinni vegna aðgerða til að efla ráðstafanir til að börn verði tekin í fóstur, en lýsir áhyggjum af miklu vinnuálagi barnaverndarnefnda og fregnum af birtingu persónuupplýsinga um börn í barnaverndarkerfinu. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Forgangsráði umbótum á barnaverndarkerfinu með það fyrir augum að þróa gæðastaðla og skýrar leiðbeiningar fyrir barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar, stytta málsmeðferðartíma, tryggja sálfélagslegan stuðning við börn, auka útbreiðslu til allra landsvæða og úthluta nægilegu fjármagni, tæknibúnaði og mannaúði,

(b) tryggi að barnaverndaryfirvöld alls staðar fái fræðslu um réttindi barna, m.a. rétt til friðhelgi einkalífs og viðeigandi löggjöf,

(c) styrki fyrirkomulag þess þegar börn eru tekin í fóstur enn frekar, m.a. með reglulegri rýni á vistun barna í fóstur og símenntun, stuðningi og ráðgjöf við fóstur - og ættleiðingarforeldra,

(d) styrki ráðstafanir sem miða að menntun, færni og tækifærum til sjálfstæðs lífs að því er varðar börn sem hafa verið vistuð utan heimilis, m.a. með aukinni fjármögnun og á grundvelli mats sem fram fer samkvæmt aðgerðaáætlun um barnavernd.

G. Fötluð börn (23. gr.)

29. Nefndin fagnar samþykkt laga um þjónustu við fatlað fólk árið 2018 sem kveða á um sérstaka vernd og stuðning við fötluð börn, en lýsir áhyggjum af löngum biðtíma barna með vitsmunalega eða sálfélagslega fötlun eftir greiningu og viðeigandi stuðningi.

30. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Efla stuðning við fötluð börn, ekki síst fötluð börn farandfólks í þágu félagslegrar aðlögunar og einstaklingsbundins þroska, m.a. með því að tryggja að þau fái skjótan aðgang að snemmtækri greiningu og stuðningi og með því að veita nægilegt fjármagn til framkvæmdar á lögum um þjónustu við fatlað fólk,

(b) stytta biðtíma eftir greiningu með því að fjölga fagfólki og með því að tryggja að fyrir hendi sé gæðaðþjónusta fyrir fötluð börn,

(c) tryggi að fjölskyldur barna farandfólks þekki leiðir til að leita nauðsynlegs stuðnings og að tekið sé á því of háa hlutfalli barna farandfólks sem vísað er á þjónustu vegna vitsmunalegrar og sálfélagslegrar fötlunar,

(d) tryggi að í tilvikum þar sem forsjá er sameiginleg geti báðir foreldrar fatlaðra barna, sem hafa skilið að borði og sæng eða fengið lögskilnað, fengið viðeigandi stuðning innan sjúkratryggingakerfisins,

(e) tryggi aðgengi fatlaðra barna að opinberum byggingum og húsnæði í einkaeigu, þ.m.t. allra ólíkra hópa barna með mismunandi þarfir.

H. Grunnþættir heilsu og velferðar (6. gr., 3. mgr. 18. gr., 24. gr., 26. gr., 1.–3. mgr. 27. gr. og 33. gr.)

Geðheilbrigði

31. Nefndin fagnar samþykkt stefnu og aðgerðaáætlunar um geðheilbrigði árið 2016 en lýsir áhyggjum af:

(a) aukinni tíðni þunglyndis, kvíða, sjálfsskaða og svefnleysis og miklum fjölda barna sem ávísað er lyfjum af þeim ástæðum og af öðrum ástæðum og vegna athyglisbrests/ofvirkni,

(b) löngum biðlistum barna sem leita eftir geðheilbrigðisþjónustu, að hluta til vegna skorts á sérhæfðu starfsfólki,

(c) upplýsingum um að börn með geðheilbrigðisvanda séu sett í gæslu vegna plássleysis á barna- og unglingsgeðdeild Landspítala,

(d) og því að ekki sé hliðstæð geðheilbrigðisefling, skimun eftir geðheilbrigðisvandamálum og snemmtækur stuðningur í boði í öllum framhaldsskólum.

32. Með hliðsjón af markmiði 3.4 í heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

(a) Styrki geðheilbrigðisþjónustu- og áætlanir fyrir börn, þ.á m. með því að: i) bæta samhæfingu milli sveitarfélaga og viðeigandi ráðuneyta, þ.m.t. félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og mennta- og barnamálaráðuneytisins, í því skyni að veita geðheilbrigðisþjónustu á öllum skólastigum og innan samfélaga, ii) tryggja að fjöldi menntaðra heilbrigðisstarfsmanna, þ.m.t. barnasálfræðinga og geðlækna, sé nægur til þess að mæta geðheilbrigðisþörfum barna tímanlega, iii) veita geðheilbrigðisþjónustu sem miðast við að mæta sérstökum þörfum barna farandfólks, samkynhneigðra barna, tvíkynhneigðra barna, transbarna, barna með ódæmigerð kyneinkenni og fatlaðra barna, og iv) bæta yfirsýn yfir biðlista til þess að auka skilvirkni afskipta,

(b) fjárfesti í fyrirbyggjandi aðgerðum, taki á undirliggjandi orsökum sjálfsvíga og slæmrar geðheilsu barna og tryggi að tekið sé tillit til sjónarmiða barna við þróun viðbragðþjónustu sem er tiltæk fyrir þau,

(c) tryggi að ávísun lyfja til barna, þ. á m. vegna kvíða, þunglyndis, svefntruflana og athyglisbrests/ofvirkni sé einungis nýtt sem lokaúrræði og í kjölfar einstaklingsbundins mats á því sem er barninu fyrir bestu og að læknar, börn og foreldrar þeirra séu nægilega vel upplýstir um önnur úrræði en lyflækningar og mögulegar aukaverkanir slíkrar lækni meðferðar,

(d) annist menntun, fræðslu og stuðning við foreldra barna með geðheilbrigðisvanda í nærsamfélagi þeirra, í samræmi við stefnu og aðgerðaáætlun um geðheilbrigði,

(e) banni að börn með geðheilbrigðisvanda séu sett í gæslu,

(f) annist alhliða geðheilbrigðiseflingu, skimi fyrir geðheilbrigðisvandamálum og bjóði snemmtækan stuðning í öllum framhaldsskólum.

Heilbrigði unglinga

33. Nefndin mælist til, í ljósi almennra tilmæla sinna nr. 20 (2016) um framkvæmd réttinda barna á unglingsaldri og fyrri tilmæla sinna, að aðildarríkið:

(a) Samþætti fræðslu á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis í samræmi við aldur í námi á öllum skólastigum og í kennaramenntun og tryggi að um sé að ræða vel samhæfða fræðslu sem samræmist aldri á sviði jafnréttis kynjanna, kynferðislegs fjölbreytileika, réttinda sem varða kyn- og frjósemisheilbrigði, ábyrgðar sem fylgir foreldrahlutverki og kynhegðunar og aðgerða til að fyrirbyggja ofbeldi,

(b) tryggi að viðkomandi fagfólk fái viðeigandi fræðslu um rétt unglinga til að njóta kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu,

(c) styrki ráðstafanir til þess að fyrirbyggja og taka á notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks meðal unglinga, m.a. með því að: i) veita unglungum nákvæmar og hlutlægar upplýsingar um skaðleg áhrif misnotkunar á áfengi, fíkniefnum og öðrum efnum, auk lífsleiknifræðslu til þess að koma í veg fyrir misnotkun fíkniefna, þ.m.t. tóbaks- og áfengisfíkn,

ii) tryggja snemmtæka greiningu og viðeigandi tilvísun unglunga sem þurfa á meðferð að halda og að slík meðferð sé aðgengileg og barnvæn, og iii) framfylgja löggjöf sem varðar markaðssetningu á tóbaki, m.a. rafsígarettum, og annast reglulegt mat á skilvirkni ýmiss konar íhlutunar sem miðar að því að draga úr tíðni fíkniefna-, áfengis- og tóbaksneyslu unglunga.

Brjóstgjöf

34. Nefndin lýsir áhyggjum af upplýsingum um að færri börn séu höfð eingöngu á brjósti eftir fyrsta mánuð frá fæðingu og mælist til að aðildarríkið efli ráðstafanir, m.a. samkvæmt nýgerðum samningi við ljósmæður um heimapjónustu, til þess að greiða fyrir því að fyrstu sex mánuði ævinnar séu börn eingöngu höfð á brjósti.

Áhrif loftslagsbreytinga á réttindi barnsins

35. Nefndin veitir athygli ýmsum ráðstöfunum sem hafa verið gerðar, m.a. til að mæta kolefnislosun, til að takast á við áskoranir sem tengjast loftslagsbreytingum. Með hliðsjón af markmiði 13.3 í heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

13.2

(a) Tryggi að innlend stefnumið og áætlanir um loftslagsbreytingar og aðlögun að þeim séu framkvæmdar í samræmi við meginreglur sammingsins og tekið sé mið af þörfum og viðhorfum barna,

(b) efli vitund barna, með virkri þátttöku skóla, um loftslagsbreytingar og viðbúnað fyrir loftslagsbreytingar, m.a. með því að fella efnið inn í aðalnámskrár og kennaranám.

Lífskjör

36. Nefndin lýsir ánægju sinni með ráðstafanir til þess að taka á fátækt barna og með hliðsjón af markmiði 1.2 í heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun mælir hún með því að aðildarríkið:

(a) Efli enn frekar stefnumið sín til að tryggja að öll börn búi við viðunandi lífskjör, m.a. með því að auka félagslegar bætur til einstæðra foreldra, veita stuðning vegna barnagæslu áður en leikskóli byrjar og útvega fullnægjandi og langtíma félagslegt húsnæði fyrir fjölskyldur í neyð,

(b) tryggi að ráðstafanir miðist sérstaklega við börn í fjölskyldum sem eru í viðkvæmri stöðu, einkum börn einstæðra foreldra, börn fatlaðra foreldra og börn farandfólks,

(c) meti áhrif ráðstafana til að stemma stigu við fátækt, m.a. neikvæð áhrif á nýtingu annarra réttinda með það í huga að tryggja að slíkar ráðstafanir séu alhliða og að nálgunin taki mið af réttindum barna.

I. Menntun, tómstundir og menningarmál (28.–31. gr.)

Menntun, þ.m.t. starfsmenntun og -þjálfun

37. Nefndin fagnar þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að auka gæði menntunar og taka á einelti, meðal annars með samþykkt menntastefnu 2021–2030, stofnun nýs mennta- og barnamálaráðuneytis og átaksverkefnum á borð við barnvæna menntastefnu Reykjavíkurborgar. Nefndin lýsir hins vegar áhyggjum af eftirfarandi:

- (a) Algengi brottfalls og fjarvista úr skólum, sérstaklega á framhaldsskólastigi og meðal barna farandfólks og barna með geðræn vandamál eða námsörðugleika,
- (b) ófullnægjandi úrræðum og kennaranámi fyrir nám án aðgreiningar,
- (c) ófullnægjandi námsárangri að því er varðar lesskilning og stærðfræðilegan og vísindalegan skilning,
- (d) tilkynningum í skólum um einelti gagnvart börnum, sérstaklega fötluðum börnum.

38. Með hliðsjón af markmiði 4.1, 4.5 og 4.a í heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

- (a) Haldi áfram viðleitni sinni til að draga úr og koma í veg fyrir brottfall úr skóla og fjarvistir, á grundvelli greiningar á orsökum, m.a. með því að: i) veita börnum sem eru í viðkvæmri stöðu félags- og fjárhagslega, fjárhagslegan stuðning til að ljúka framhaldsskóla, ii) koma á laggirnar áformuðum gagnagrunni fyrir skráningu skólaskyldunemenda, og iii) þróa viðmiðunarreglur til þess að greina, skrá og bregðast við tilvikum þar sem um er að ræða fjarvistir úr skóla,
- (b) styrki aðgerðir til að tryggja nám án aðgreiningar fyrir öll fötluð börn, m.a. börn með vitsmunalega eða sálfélagslega fötlun, svo sem með því að: i) auka fjármagn sem er veitt til að framfylgja stefnu um menntun án aðgreiningar, ii) aðlaga námskrár og menntun og úthluta sérhæfðum kennurum og fagfólki til starfa í samþættum námshópum svo börn með námsörðugleika fái einstaklingsbundinn stuðning og tilhlýðlega athygli, iii) útvega hjálpartækni og tæki, og (iv) tryggja aðgengilegt húsnæði hvað varðar skólamannvirki og samgöngur,
- (c) efla viðleitni sína til að bæta gæði menntunar og tryggja nægilegan fjölda hæfra kennara, meðal annars með hvatningarráðstöfunum sem laða að kennara,
- (d) tryggi viðeigandi fjárveitingar til framkvæmdar á vandaðri, fjölyngdri, þvermenningarlegri menntun fyrir börn farandfólks, m.a. með viðeigandi efni, tvítýngdum kennurum og verkfærum til fræðslu,
- (e) berjist gegn ofbeldi í skólum, þ.m.t. einelti, neteinelti og ofbeldi á netinu, og tryggi að slíkar ráðstafanir feli í sér forvarnir, snemmbært mat, vitundarvakningu um skaðleg áhrif þess, valdeffingu barna, þjálfun kennara og reglur um íhlutun,
- (f) stuðli að hágæða starfsmenntun til að efla færni barna, sérstaklega þeirra sem hverfa úr skóla, og taki upp endurkomustefnu til þess að hvetja þau sem vilja byrja aftur í skóla,
- (g) tryggi virka þátttöku barna og ungmenna í mótun menntastefnu.

Mannréttindafræðsla

39. Nefndin lýsir ánægju sinni með að mannréttindi skuli vera hluti af aðalnámskrá og með hliðsjón af markmiði 4.7 í heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun mælist hún til þess að aðildarríkið:

- (a) Efla fræðslu um réttindi barna og meginreglur sammingsins í skyldunámi, á öllum skólastigum og í menntun kennara og fagfólks á sviði kennslu með hliðsjón af ramma Alþjóðlegu framkvæmdaáætlunarinnar um menntun á sviði mannréttinda,
- (b) þróa fræðsluefni á sviði mannréttinda til að efla virðingu fyrir og skilning á mismunandi kynþáttum, kyni og öðrum fjölbreytileika og tryggi að kennarar fái nauðsynlegan stuðning til að kenna réttindi barna í skólum.

Hvöld, tómstundir, afþreying og menningar- og listastarfsemi

40. Nefndin fagnar leiðbeiningum frá 2018 um gæði starfs á frístundaheimilum fyrir börn á aldrinum 6 til 9 ára og framkvæmdaáætlunum um íþrótt- og tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna. Með vísan til almennra athugasemda sinna nr. 17 (2013) um rétt barna til hvíldar, tómstunda, afþreyingar, menningar- og listalífs, mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

(a) Þrói leiðbeiningar til að tryggja gæði tómstunda- og frístundastarfs fyrir börn eldri en 9 ára,

(b) efla stuðning við átaksverkefni sem miða að því að efla rétt barna til tómstunda, leiks, tómstundastarfs, menningarlífs og lista, m.a. fyrir tilstilli félagsmiðstöðva, íþróttafélaga, æskulýðsfélaga og Barnamenningarsjóðs, og tryggi að gæðakröfur séu uppfylltar, m.a. að því er varðar aðgengi og mönnun,

(c) tryggi að íþrótt-, tómstunda-, afþreyingar-, menningar- og listastarfsemi sé fyrir hendi og aðgengileg fötludum börnum, börnum í leit að alþjóðlegri vernd og börnum farandfólks, börnum sem búa við lakari aðstæður félags- og fjárhagslega og börnum sem búa í dreifbýli,

(d) virki börn til fulls við skipulagningu, hönnun og eftirliti með framkvæmd stefnu og áætlana sem tengjast tómstundum, leik, afþreyingu, menningarlífi og listum.

J. Sérstakar verndarráðstafanir (22., 30., 32.–33. gr., b- til d- liður 35.–36. gr. og 38.–40. gr.)

Börn í leit að alþjóðlegri vernd, börn með alþjóðlega vernd og börn farandfólks

41. Nefndin lýsir ánægju með samþykkt laga um útlendinga árið 2016, þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til til að tryggja að öll börn í leit að alþjóðlegri vernd séu tekin til viðtals á barnvænan hátt og áform aðildarríkisins um að hrinda öllum tilmælum í skýrslu dómsmálaráðuneytisins um börn sem leita alþjóðlegrar verndar í framkvæmd. Nefndin lýsir samt sem áður áhyggjum af eftirfarandi:

(a) Að fylgdarlaus börn séu stundum látin dvelja í slíkum móttökumiðstöðvum svo mánuðum skiptir og án viðeigandi umönnunar barnaverndarfulltrúa á meðan þau bíða eftir vistun í fóstur,

(b) að tanngreiningu sé beitt til að meta aldur barna í leit að alþjóðlegri vernd og skorti á úrræðum svo þau geti áfrýjað niðurstöðum um aldursmat.

42. Með vísan til sameinaðra almennra athugasemda nr. 3 og 4 nefndar um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra /nr. 22 og 23. nefndar um réttindi barnsins (2017) um mannréttindi barna í tengslum við alþjóðlega fólksflutninga, mælist nefndin til þess aðildarríkið:

(a) úthluti nægilegu fjármagni til skilvirkrar framkvæmdar laga um útlendinga og til allra umbóta sem lagðar eru til í skýrslu dómsmálaráðuneytisins um börn sem leita alþjóðlegrar verndar,

(b) forgangsraði tafarlausri vistun fylgdarlausra barna í fóstur og setji nauðsynlega fjármuni í að tryggja að öll móttökuaðstaða sé barnvæn með það fyrir augum að hún uppfylli lágmarkskröfur um móttökuaðstæður, sálfélagslegan stuðning og aðlögunarstuðning, heilsu, velferð og menntun fyrir börn,

(c) veiti börnum í leit að alþjóðlegri vernd upplýsingar í samræmi við aldur um réttindi þeirra, tiltæka þjónustu og, eftir því sem við á, umsóknarferli um fjölskyldusameiningu,

(d) tryggi að allir hlutaðeigandi hagsmunaaðilar sem vinna með börnum fái þjálfun og afrit af viðhlítandi verklagsreglum til að tryggja að hagsmunir barna í leit að alþjóðlegri vernd séu í fyrirrúmi hvarvetna í ferlinu og að þau geti tjáð skoðanir sínar og að þær séu teknar til greina og að þeim sé ljáð tilhlýðilegt vægi,

(e) framkvæmi aldursmat með þverfaglegum aðferðum, þ.m.t. yfirgripsmiklu mati á sálrænum þroska barnsins, en eingöngu í verulegum vafatilvikum og að virtri meginreglunni um að umsækjandi skuli njóta vafans, og tryggi að viðkomandi geti kært niðurstöðu slíks mats sérstaklega.

Efnahagsleg misnotkun, m.a. barnavinna

43. Nefndin lýsir áfram áhyggjum af fjölda barna sem byrja að sinna léttum störfum jafnvel strax við 13 ára aldur. Með vísan til fyrri tilmæla sinna⁷ mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

(a) Tryggi að þátttaka barna við hvaða aðstæður sem er sé í fullu samræmi við alþjóðlegar reglur á sviði barnavinnu að því er varðar aldur, vinnustundir, vinnuskilyrði, menntun og heilbrigði,

(b) auki vitund í skólum og meðal foreldra og vinnuveitenda um reglur sem varða þátttöku barna í launaðri vinnu.

Mansal

44. Nefndin lýsir ánægju með fyrirkomulag á landsvísu árið 2020 varðandi tilvísanir vegna mansals og mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Taki upp verklag til þess að auðkenna börn sem eru fórnarlömb mansals og tryggi að viðkomandi fagfólk sem vinnur með og fyrir börn hljóti viðeigandi þjálfun,

(b) annist skilvirka rannsókn og saksókn mála sem varða mansal á börnum og tryggi að gerendur hljóti refsingu í samræmi við framin brot.

Barnvinsamleg réttarvarsla

45. Nefndin lýsir ánægju með að ekkert barn hefur verið dæmt til fangavistar eða afplánað fangelsisdóm frá því aðildarríkið afturkallaði fyrirvara sinn við 37. gr. árið 2015 og vísar til almennra athugasemda sinna nr. 24 (2019) um réttindi barna í réttarkerfinu og mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Samþykki lög sem miða að því að vernda réttindi barna í réttarkerfinu, m.a. með lögum sem banna birtingu á nöfnum barna sem hafa gerst brotleg við refsilög,

(b) styrki ráðstafanir til að tryggja að börn sem haga sér á óviðeigandi hátt kynferðislega, m.a. börn sem kunna að hafa framið kynferðisbrot, njóti viðeigandi meðferðarþjónustu og njóti góðs af barnaverndarráðstöfunum.

K. Eftirfylgni vegna fyrri lokaathugasemda nefndarinnar og tilmæli varðandi framkvæmd valfrjálsra bókana við samninginn

Valfrjáls bókun um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám

46. Nefndin fagnar samþykkt laga um kynferðislega friðhelgi árið 2021. Með vísan til leiðbeininga sinna að því er varðar framkvæmd valfrjálsrar bókunar við samninginn um réttindi barnsins um sölu

⁷ CRC/C/ISL/CO/3-4, 51. mgr.

barna, barnavændi og barnaklám,⁸ ítrekar nefndin fyrri tilmæli sín⁹ og mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Tryggi að hvers konar sala á börnum sé refsiverð, í samræmi við 2. og 3. gr. valfrjálsu bókunarinnar, m.a. með tilliti til háttsemi sem felst í framleiðslu og miðlun efnis sem auglýsir þau brot sem lýst er í bókuninni og framleiðslu, dreifingu, miðlun, sölu eða vörslu á efni sem varðar kynferðislega misnotkun,

(b) geri ráðstafanir sem sérstaklega miða að því að koma í veg fyrir og bregðast við sölu á börnum á netinu að því er varðar kynferðislega notkun og misnotkun í kynferðislegum tilgangi, m.a. með þjálfun hlutaðeigandi fagfólks.

Valfrjáls bókun um þátttöku barna í vopnuðum átökum

47. Nefndin fagnar því að valfrjálsa bókunin hafi verið lögfest árið 2013 og banni í lögum við að börn séu tekin í herþjónustu árið 2018, en nefndin minnir á fyrri tilmæli sín¹⁰ og mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Lögfesti úrlendislögsögu vegna brota sem eru refsiverð samkvæmt valfrjálsu bókuninni þegar þau eru framin af eða framin gegn einstaklingi sem er ríkisborgari eða hefur tengsl við aðildarríkið,

(b) taki upp fyrirkomulag sem gerir mögulegt að koma eins fljótt og auðið er auga á þau börn sem kunna að hafa tekið þátt í vopnuðum átökum erlendis og tryggi að þau fái stuðning til þess að ná líkamlegum og sálrænum bata og til enduraðlögunar að samfélaginu.

L. Fullgilding valfrjálsrar bókunar um sjálfstæða kæruleið

48. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið gerist aðili að valfrjálsu bókuninni um sjálfstæða kæruleið til þess að styrkja réttindi barna enn frekar.

M. Fullgilding alþjóðlegra mannréttindasamninga

49. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið íhugi að fullgilda samninginn um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum og alþjóðasamninginn um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra í því skyni að styrkja réttindi barna enn frekar.

N. Samvinna við svæðisbundna aðila

50. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið haldi áfram samvinnu við Evrópuráðið um framkvæmd samningsins og annarra mannréttindasamninga, bæði í aðildarríkinu og í öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins.

IV. Framkvæmd og skýrslugjöf

A. Eftirfylgni og miðlun

51. Nefndin mælir með því að aðildarríkið grípi til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að tilmælunum sem er að finna í þessum lokaathugasemdum sé að fullu framfylgt og að barnvænni útgáfu sé miðlað til og hún gerð

⁸ CRC/C/156.

⁹ CRC/C/OPSC/ISL/CO/1.

¹⁰ CRC/C/OPAC/ISL/CO/1.

aðgengileg börnum almennt, m.a. börnum sem eru í allra viðkvæmstu stöðunni. Nefndin mælir einnig með því að sameinuð 5. og 6. reglubundin skýrsla og þessar lokaathugasemdir verði gerðar aðgengilegar sem víðast á tungumáli ríkisins.

B. Innlent fyrirkomulag til skýrslugjafar og eftirfylgni

52. Nefndin mælir með því að aðildarríkið styrki stýrihópin um mannréttindi og tryggi að hún hafi umboð til þess að samhæfa og undirbúa skýrslugjöf við og eiga samskipti við alþjóðleg eða svæðisbundin mannréttindakerfi og samhæfa og fylgjast með innlendri eftirfylgni við og framkvæmd skuldbindinga samkvæmt samningnum og tilmælum og ákvörðunum sem leiðir af slíku kerfi. Nefndin leggur áherslu á að stýrihópurinn skuli njóta nægilegs og viðvarandi stuðnings sérhæfðs starfsfólks og hafa getu til þess að ráðfæra sig kerfisbundið við innendar mannréttindastofnanir, þar sem þær eru til staðar, og borgaralegt samfélag.

C. Næsta skýrsla

53. Nefndin býður aðildarríkinu að leggja fram sameinaða 7. og 8. reglubundna skýrslu fyrir 26. nóvember 2027 og að hún innihaldi upplýsingar um eftirfylgni við þessar lokaathugasemdir. Skýrslan á að vera í samræmi við samhæfðar leiðbeiningar um skýrslugjöf¹¹ samkvæmt mannréttindasamningum og er hámarksorðafjöldi 21.200 orð.¹² Ef skýrsla sem fer yfir þann orðafjölda er lögð fram verður aðildarríkið beðið um að stytta hana. Ef aðildarríkið hefur ekki tök á að endurskoða og leggja skýrsluna fram aftur er ekki unnt að tryggja að hún verði þýdd og tekin til umfjöllunar í nefndinni.

¹¹ CRC/C/58/Rev.3.

¹² Ályktun allsherjarþingsins 68/268, 16. mgr.